

Svör við upprifjunarspurningum:

Upprifjun 1. kafli

1. Hvar bjó Oddur Önundarson og hvað var hann kallaður? Hvað hétu synir hans?
[Hann bjó á Breiðabólstað í Reykjardal í Borgarfirði og var kallaður Tungu-Oddur. Synir hans hétu Þorvaldur og Þóroddur.]
2. Hvar bjó Torfi Valbrandsson? Hvernig tengdist hann Oddi?
[Torfi bjó á Breiðabólstað í tvíbýli við Odd sem var tengdafaðir hans.]
3. Hvar bjó Arngrímur Helgason? Hver var sonur hans?
[Arngrímur bjó í Norðurtungu. Sonur hans hét Helgi.]
4. Hvar bjó Blund-Ketill? Hver var sonur hans?
[Blund-Ketill bjó í Örnólfsdal. Sonur hans hét Hersteinn.]
5. Hvar bjó Þórður trefill Rauða-Bjarnarson? Hverjir voru bræður hans?
[Þórður trefill bjó í Svignaskarði. Bræður hans voru þeir Helgi, sem bjó í Hvammi í Norðurárdal, og Gunnvaldur.]
6. Hvers vegna var Þórir sá er sagan er nefnd eftir kenndur við hænsni?
[Í einni af verslunarferðum sínum kom hann norðan úr landi með hænsni til sölu.]
7. Hvar bjó Þórir og fyrir hvað var hann einkum þekktur?
[Á Vatni í Þverárhlið (síðar Helgavatni). Annars vegar fyrir ríkidæmi sitt og hins vegar fyrir það hve óvinsældir hans voru miklar.]

Upprifjun 2. kafli

1. Hænsna-Þórir gerði ferð sína til Arngríms goða. Hvert var erindið, hvernig tók Arngrímur því og hvernig lauk samskiptum þeirra?
[Að bjóða Helga, syni Arngríms, í fóstur. Arngrímur tók því fyrst illa en skipti um skoðun þegar Þórir bauð að gefa Helga mikið fé.]
2. Breytt var um nafn á bæ Þóris. Hvað hét hann eftir þetta?
[Helgavatn (hét áður Vatn).]
3. Skip kom af hafi í Borgarfjörð. Þar voru Austmenn á ferð. Oddur Önundarson reið til skips að finna þá. Hvert var erindi hans?
[Hann vildi ráða því hvaða verð Austmenn legðu á vörur sem þeir höfðu til sölu.]
4. Hvernig tóku Austmenn erindi Odds?
[Þeir neituðu að hlýða fyrirmælum hans.]

Upprifjun 3. kafli

1. Hvað lagði Blund-Ketill til í máli Austmannanna?
[Hann lagði til að hann og Hersteinn sonur hans hjálpuðu þeim.]
2. Hersteinn í Örnólfsdal fór til fundar við Austmennina. Hvað vildi hann þeim?
[Hann bauðst til að lána þeim hesta til að flytja varning sinn heim í Örnólfsdal þar sem Blund-Ketill hafði boðið þeim að vera.]
3. Örn hét stýrimaður (skipstjóri) á skipinu. Hvar settist hann að?
[Í Örnólfsdal.]
4. Koma Austmannanna olli ósætti milli tveggja höfðingja í Borgarfirði, þó að ekki færi það hátt í byrjun. Hvaða höfðingjar voru þetta og hvað olli ósættinu?
[Tungu-Oddur og Blund-Ketill. Tungu-Oddur hafði bannað að Austmenn fengju neina fyrirgreiðslu en Blund-Ketill hafði þau fyrirmæli að engu.]

Upprifjun 4. kafli

1. Í 4. kafla segir frá því að mjög var hart í ári og grasspretta lítil. Hvernig brást sveitarhöfðinginn Blund-Ketill við því?
[Hann gaf fyrirmæli um að bændur lóguðu nægilega miklu af fé sínu til að þeir ættu nóg hey fyrir það sem eftir var.]
2. Blund-Ketill setti fram ákveðnar tillögur við landseta sína. Hvernig hlýddu þeir fyrirmælunum?
[Þeir höfðu fyrirmæli hans að engu.]
3. Til hvaða ráða greip Blund-Ketill til að ráða bót á vandræðum landseta sinna?
[Hann slátraði fjölda hrossa og gaf landsetum sínum það hey sem hrossunum hafði verið ætlað.]

Upprifjun 5. kafli

1. Blund-Ketill fór ásamt landsetum sínum á fund Hænsna-Þóris. Hvert var erindið?
[Að kaupa hey af Hænsna-Þóri.]
2. Hvernig brást Hænsna-Þórir við?
[Hann neitaði að selja.]
3. Fóstursonur Hænsna-Þóris (Hver var hann og hverra manna?) ræddi við gestina.
Málflutningur hans var nokkuð á öðrum nótum en hjá Þóri. Að hvaða leyti?
[Fóstursonurinn (Helgi sonur Arngríms goða) taldi að Hænsna-Þórir ætti nóg hey og taldi rétt að selja bændum af birgðunum.]

4. Hvernig lauk samskiptum þeirra Blund-Ketils og Hænsna-Þóris þennan einmánaðardag?

[Blund-Ketill og menn hans gerðu upptækt nokkuð af heyi Hænsna-Þóris.]

Upprifjun 6. kafli

1. Hænsna-Þórir heimsótti Arngrím goða í Norðurtungu. Hvað var það sem hann taldi frétt næmast þegar Arngrímur spurði hann tíðinda?

[Að hann hefði verið rændur.]

2. Fóstursonur hans var með í för og var málið borið undir hann. Hverju svaraði hann um þetta sama mál?

[Hann taldi að þeir sem tóku heyið hefðu haft miklar málsbætur, þ.e. hann sagði söguna á allt annan veg en fóstri hans.]

3. Eftir hverju var Þórir að sækjast í Norðurtungu? Hvaða undirtektir fékk hann?

[Hann var að leita eftir stuðningi við að ná fram hefndum vegna heyupptökunnar.]

4. Þórir kom næst að Breiðabólstað og hitti Tungu-Odd. Hvaða erindi átti hann þangað?

[Sama erindi og að Norðurtungu.]

5. Hvernig tók Oddur undir málaleitan Þóris?

[Hann harðneitaði að styðja hann.]

Upprifjun 7. kafli

1. Nefndur er til sögunnar maður sem öfugt við alla aðra vildi styðja Hænsna-Þóri í máli hans gegn Blund-Katli. Hver var það og hverra manna var hann?

[Þorvaldur sonur Tungu-Odds.]

2. Hvað bauð Þórir þessum manni fyrir stuðninginn?

[Hænsna-Þórir bauð Þorvaldi að gefa honum fé sitt hálfít (munið að hann var mjög ríkur) ef hann vildi styðja hann í málaferlunum.]

Upprifjun 8. kafli

1. Hópur manna gerði aðför að Blund-Katli í Örnólfsdal. Fimm menn í þeim hópi eru nafngreindir í sögunni. Hverjir voru þeir?

[Þorvaldur Oddsson (sonur Tungu-Odds), Arngrímur goði, Hænsna-Þórir, Helgi Arngrímsson og Víðfari, frændi Hænsna-Þóris.]

2. Hvaða kosti bauð Blund-Ketill Þorvaldi sem stóð fyrir aðförinni? Hver kom í veg fyrir að hann tæki boði Blund-Ketils?

[Hann bauðst til að greiða fyrir heyið það sem upp væri sett og gefa Þorvaldi gjafir honum]

til sæmdar. Hænsna-Þórir kom í veg fyrir að Þorvaldur tæki boðinu.]

3. Maður dró upp boga og skaut ör í hóp aðkomumanna. Hver var það?

[Örn stýrimaður.]

4. Einn úr hópnum varð fyrir örinni og lét lífið. Hver var það?

[Helgi Arngrímsson, fóstursonur Hænsna-Þóris.]

5. Hænsna-Þórir hélt því fram að sá sem lést hefði mælt nokkur orð á dauðastundinni.

Hvað var það sem hann átti að hafa sagt?

[šBrenni, brenni Blund-Ketill inni.ð]

6. Komumenn héldu í burtu frá Örnólfsdal en fóru þó ekki langt. Hvar héldu þeir sig næstu klukkustundirnar?

[Þeir komu sér fyrir ekki alllangt í burtu og biðu þar nætur í hvarfi í skóginum.]

Upprifjun 9. kafli

1. Blund-Ketill var brenndur inni. Hverjir stóðu að því verki?

[Þorvaldur Oddsson, Arngrímur goði og Hænsna-Þórir.]

2. Hersteinn, sonur Blund-Ketils, var ekki heima þessa örlagaríku nótt. Hvar var hann?

[Hann var hjá fóstura sínum Þorbirni stíganda.]

3. Hvað var það sem Herstein dreymdi um nóttina?

[Hann dreymdi að faðir hans kæmi til hans og loguðu á honum klæðin.]

4. Hersteinn og fóstri hans fóru á fund Tungu-Odds. Hvert var erindið og hvernig tók Oddur í liðsbón þeirra?

[Hann lét sem hann vildi hjálpa þeim og fór með þeim í Örnólfsdal.]

5. Hvernig efndi Oddur loforð um stuðning við þá Herstein?

[Illa. Hann sló eign sinni á brunarústirnar og þar með jörðina (nam þar land samkvæmt fornri venju á þeim forsendum að þar var enginn maður á lífi) og reið svo í burtu.]

6. Undarlegir atburðir urðu í Örnólfsdal þennan morgun þegar varningur var færður úr stað og kvikfé rekið um tún án þess að nokkur maður væri sjáanlegur. Hver er líklegur til að hafa verið þar að verki?

[Þorbjörn stígandi.]

Upprifjun 10. kafli

1. Hersteinn og Þorbjörn ráku fé sitt niður í Svignaskarð til Þorkels trefils. Hvernig var þeim tekið þar?

[Mjög vel.]

2. Þorkell trefill tók þá féлага með sér að Gunnarsstöðum á Skógarströnd. Hver bjó þar,

- hver var mágur hans (höfðingi vestur í Dölum) og hvað hétu dætur hans tvær?
- [Gunnar Hlífarson, mágur hans var Þórður gellir, dæturnar hétu Þuríður og Jófríður.]
3. Þeir félagar lögðu mikla áherslu á að fá húsráðanda á Gunnarsstöðum út í stað þess að ganga inn í bæ eins og þeim var boðið. Hver kynni að vera skýringin á því?
- [Þeir drógu hann út í kuldann, líklega til að samningar gengju fljótar fyrir sig.]
4. Hvaða erindi sögðust gestirnir eiga að Gunnarsstöðum?
- [Þeir vildu fá Gunnar til að samþykkja að gifta Hersteini dóttur sína áður en hann vissi um brennuna.]
5. Hver mun hafa verið hin raunverulega ástæða fyrir heimsókninni?
- [Hin raunverulega ástæða var að tengja Gunnar og Herstein fjölskylduböndum til þess að Gunnar væri skyldugur til að leggja Hersteini lið í málaferlunum gegn Þorvaldi og Arngrími (og Tungu-Oddi sem var faðir Þorvalds).]

Upprifjun 11. kafli

1. Gunnar Hlífarson gerði ferð sína vestur í Dali að finna mág sinn. Hvert var erindið sem hann gaf upp?
- [Að fá Þórð gelli til að fastna Hersteini dóttur Gunnars (þ.e. að ganga frá samningunum viðvíkjandi giftingunni).]
2. Hvert mun hafa verið hið raunverulega erindi?
- [Þetta er gert til að gera Þórð skuldbundinn til að leggja Hersteini lið í málaferlunum.]
3. Dóttir Gunnars var í fóstri í Dölunum. Hvað hét hún og hvar var hún til húsa?
- [Hún hét Þuríður og var til húsa hjá Þórði gelli.]

Upprifjun 12. kafli

1. Brúðkaup var haldið að Hvammi í Dölum. Hver voru brúðhjónin?
- [Hersteinn Blund-Ketilsson og Þuríður Gunnarsdóttir.]
2. Hersteinn steig á stökk og strengdi heit í brúðkaupsveislunni. Hvert var heitið?
- [Að fullsekta Arngrím goða, þ.e. fá hann dæmdan í sektir samkvæmt lögnum.]
3. Gunnar Hlífarson strengdi líka heit. Hvert var það?
- [Að sækja til útlegðar Þorvald Oddsson, þ.e. að fá Þorvald dæmdan til útlegðar. Yfirleitt þýddi útlegð það sama og í dag er kallað sekt en þarna virðist vera átt við að hann verði dæmdur til að fara af landinu.]
4. Þeir Hersteinn og Gunnar skoruðu á þann þriðja að strengja heit. Hver var það, hvaða heit vildu þeir að hann ynni og hverju svaraði hann?
- [Þórður gellir. Þeir vildu að hann strengdi þess heit að sigra Tungu-Odd. Hann neitaði en

hvatti þá Herstein og Gunnar til að standa við sín heit.]

Upprifjun 13. kafli

1. Sagt er frá því að maður einn hvarf úr héraðinu. Hver var það? Hvers vegna er líklegt að hann hafi látið sig hverfa?

[Hænsna-Þórir. Ástæðan fyrir brotthvarfinu er sú að hann frétti af því að Þórður gellir, Þorkell trefill og Gunnar Hlífarson væri gengnir í lið með Hersteini.]

2. Sagt er frá miklum liðssafnaði. Hverjir söfnuðu liði og hvar? Rifjið nú upp persónur sögunnar og tilgreinið hverjir eru í hvoru liðinu. Hverjir ætla að hefna Blund-Ketils og hverjir eru brennumenn og stuðningsmenn þeirra?

[Annars vegar er það Tungu-Oddur, faðir Þorvalds, sem safnar liði um Reykjadal og Skorradal, hins vegar Þórður gellir sem safnar saman mönnum í Dölum og víðar um Vesturland og Þorkell trefill safnar mönnum um Mýrar og Stafholtstungur og einnig um Norðurárdal (Helgi bróðir hans bjó í Hvammi í Norðurárdal). Tungu-Oddur og Þorvaldur sonur hans eru brennumennirnir (og Hænsna-Þórir, sem er flúinn úr héraðinu þegar hér er komið sögu) en til hefnda eru Þorkell trefill og Þórður gellir (og svo Hersteinn, sonur Blund-Ketils).]

3. Deilunum lauk að þessu sinni með því að þeir sem voru fjölmennari höfðu sigur. Hverjir voru það?

[Tungu-Oddur og þeir sem honum fylgdu.]

4. Gunnar Hlífarson og Hersteinn Blund-Ketilsson skiptu á bústöðum. Hvar bjuggu þeir þá eftir þau skipti?

[Eftir skiptin bjó Gunnar Hlífarson í Örnólfsdal en Hersteinn á Gunnarsstöðum.]

Upprifjun 14. kafli

1. Þegar komið er til alþingis og málið rekið þar eru tveir menn í forsvari fyrir þeim sem deildu. Hverjir voru það og hvor þeirra mátti sín meira þegar hér var komið?

[Þórður gellir og Tungu-Oddur. Þórður gellir vann málið en brennumenn töpuðu og fengu þunga dóma.]

2. Góðgjarnir menn gengu á milli stríðandi fylkinga og stöðvuðu bardagann milli þeirra Tungu-Odds og Þórðar gellis. Annar þeirra þpótti þyngra málahlut eiga að flytja enda varð hann aflvani fyrir liðs sakirö (þótti hafa verri málstað enda of liðfár til að verjast). Hvor var það sem varð að játa sig sigraðan?

[Tungu-Oddur hafði verri málstað og hann tapaði, eins og fyrr kom fram.]

Upprifjun 15. kafli

1. Hersteinn var ekki á alþingi þegar þing var sett. Hvað tafði hann?
[Hann var sjúkur.]
2. Bóndi einn kom að heimsækja Herstein. Hvaða erindi gaf hann upp?
[Hann vildi fá Herstein til að líta á kú sem hann átti og sagði að væri veik.]
3. Hvert var í raun erindi bóndans?
[Að svíkja Herstein í hendur óvina.]
4. Hvað varð til þess að Hersteinn sá í gegnum svikin?
[Hann sá glampa á skjöld í skóginum.]
5. Tólf manna hópur réðist að Hersteini í skóginum. Hver var fyrir þessum flokki og hver urðu örlög þeirra tólf?
[Hænsna-Þórir. Hersteinn og félagar hans drápu alla þessa tólf.]
6. Hvað var það sem Hersteinn tók með sér þegar hann reið til þings eftir átökin í skóginum?
[Hausinn af Hænsna-Þóri.]
7. Hvernig féllu dómur í málum þeirra sem að brennunni stóðu?
[Þórður gellir og Þorkell trefill unnu sigur en Tungu-Oddur varð að greiða háar sektir og Þorvaldur sonur hans var dæmdur til að vera þrjú ár erlendis.]

Upprifjun 16. kafli

1. Gest bar að garði í Örnólfsdal sem gekk í tjald heimasættunnar og ræddi við hana. Hver var þetta, hveirra manna var hann, hvert reyndist vera erindi hans og hvernig tók faðir stúlkunnar þessum tíðindum?
[Þóroddur sonur Tungu-Odds. Honum leist vel á Jófríði. Gunnar faðir Jófríðar tók því illa vegna þess að hann vildi að Þóroddur færi hefðbundna leið og ræddi við sig fyrst, áður en hann talaði við stúlkuna.]
2. Faðirinn sagði meðal annars: „Hefir nú og í odda staðist með oss um hríð.“ (Við höfum átt í illdeilum undanfarið.) Hvað á hann við?
[Gunnar er hér að vísa til málaferlanna sem sagt er frá hér að framan.]

Upprifjun 17. kafli

1. Tungu-Oddur vildi reka fé sitt í Örnólfsdal, taldi sig eiga það land. Hvað hafði hann fyrir sér í því? (Lesið aftur 9. kafla um sliðveisluð Tungu-Odds við Herstein eftir

brennuna.)

[Hann þóttist snema þar landið þegar húsið var brunnið og búið að drepa alla sem heima voru.]

2. Þóroddur sonur hans rak með honum féð yfir í Örnólfsdal og sá til þess að þetta var ekki gert aftur. Hvaða ráð hafði hann til þess og hvers vegna er líklegt að hann hafi staðið með bóndanum í Örnólfsdal frekar en föður sínum?

[Þóroddur sá til þess að féð gekk á svæðum þar sem það hafði lítið gras eða ekkert og þá sátt úr því nytinó sem kallað var, þ.e. ærnar hættu að mjólka eins vel og þær höfðu gert. Tungu-Oddur heldur að landið í Örnólfsdal sé allt svona vont að þar fái féð ekki fylli sína. Þetta bragð Þórodds skýrist af því að hann er hrifinn af dóttur Gunnars Hlífsonar sem á Örnólfsdal.]

3. Tungu-Oddur lét safna liði til að ráðast á Gunnar Hlífson í Örnólfsdal. Hver var ástæðan?

[Hann ætlaði að taka jörðina af Gunnari, taldi sig eiga hana eftir að hann framdi gjörninginn með slandnámiðó eftir brunann.]

4. Þóroddur kom á undan föður sínum í Örnólfsdal og stakk upp á einfaldri og öruggri leið til að leysa málin. Hver var hún?

[Þóroddur vildi kvænast Jófríði dóttur Gunnars. Með því komust á fjölskyldutengsl við Tungu-Odd og eftir það gat hann ekki ráðist á Gunnar.]

5. Hvernig tók Gunnar uppástungu Þórodds?

[Hann harðneitaði í fyrstu að samþykkja giftinguna vegna þess að hann vildi ekki láta kúga sig til að gifta dóttur sína. Að lokum fór þó svo að hann gekk að þessu og samþykkti ráðahaginn.]

6. Þegar Tungu-Oddur kom í Örnólfsdal var búið að leysa málin. Hvernig líkaði Oddi það?

[Mjög illa. Hann vildi alls ekki sættast við Gunnar Hlífson.]

7. Þóroddur sonur Tungu-Odds fór utan. Hvert var erindi hans og hvernig vegnaði honum?

[Hann fór utan til að hjálpa bróður sínum sem hafði verið hnepptur í þrældóm. Hvorugur þeirra kom aftur til Íslands.]

8. Hvar lét Tungu-Oddur grafa sig? Hvers vegna?

[Hann lét grafa sig á Skáneyjarfjalli til að hann gæti séð yfir alla Tunguna.]